

Fundargerð

Árið 2023, fimmtudaginn 30. mars kl. 11:00, kom ráðgjafarnefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga saman til fundar í innviðaráðuneytinu að Sölvhólsgötu 7.

Fundinn sátu: Guðmundur Baldvin Guðmundsson formaður, nefndarmennirnir Ásta Stefánsdóttir, Dan Jens Brynjarsson, Friðjón Einarsson, Hrund Pétursdóttir, Hörður Hilmarsson og Theódóra S. Þorsteinsdóttir ásamt starfsmönnum Jöfnunarsjóðs þeim Guðna Geir Einarssyni, Árna Sverri Hafsteinssyni, Gústav Aron Gústavssyni, og Ragnari Ágústi Róbertssyni, sem ritaði fundargerð.

Gestir undir 3. lið voru Aðalsteinn Þorsteinsson, skrifstofustjóri, og Björn Ingi Óskarsson, lögfræðingur.

Gestir undir 11. lið voru Haraldur Líndal Haraldsson og Arnar Haraldsson, HLH ráðgjöf.

Formaður setti fundinn og gengið var til dagskrár.

1. Fundargerð síðasta fundar

Lögð var fram til samþykktar fundargerð ráðgjafarnefndar frá 10. mars 2023.

Fundargerð frá 10. mars 2023 var samþykkt án athugasemda.

2. Greiðslu- og rekstraráætlun 2023

Lögð var fram til kynningar uppfærð greiðslu- og rekstraráætlun Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga fyrir árið 2023. Áætlunin byggir á uppfærðum forsendum um áætlaðar skatttekjur ríkissjóðs á árinu 2023, endanlegum útsvarsstofni sveitarfélaga á árinu 2022 og áætluðum útsvarsstofni sveitarfélaga fyrir árið 2023.

Nefndin gerði engar athugasemdir við áætlunina.

3. Reykjavíkurborg

Stefna

Gestir fundarins, Aðalsteinn Þorsteinsson og Björn Ingi Óskarsson, upplýstu nefndarfólk um stöðu mála varðandi stefnu Reykjavíkurborgar gegn íslenska ríkinu vegna Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og ráku forsögu málsins. Starfsmenn Jöfnunarsjóðs hafa skilað umbeðnum gögnum til málsaðila, en jafnframt hafi komið fram nýjar kröfur Reykjavíkurborgar í málinu.

4. Endurskoðun á regluverki Jöfnunarsjóðs

Staða mála

Starfsmenn Jöfnunarsjóðs kynntu fyrir nefndinni niðurstöðu starfshóps um endurskoðun á regluverki Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Fram kom að starfsmenn Jöfnunarsjóðs hafi fundað með mörgum fulltrúum sveitarfélaga og gagnleg skoðanaskipti hafi átt sér stað um núverandi regluverk og nauðsyn þess að gera á því breytingar. Niðurstaða vinnunnar er nú inni á samráðsgátt stjórnvalda og lýkur umsagnarfresti um frumvarpið í dag 30. mars.

5. Sameining sveitarfélaga

Beiðni um framlag vegna undirbúningsvinnu – Skagabyggð

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi frá Skagabyggð, dags. 24. mars 2023, þar sem óskað er eftir framlagi að fjárhæð 3,5 m.kr. vegna valkostagreiningar um mögulega sameiningu Skagabyggðar við önnur sveitarfélög á svæðinu.

Að lokinni umfjöllun ákvað nefndin að samþykkja að veita Skagabyggð framlag vegna framangreindrar vinnu að fjárhæð 3,5 m.kr.

6. Útgjaldajöfnunarframlög

Endurskoðuð áætlun framlaga 2023

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu önnur áætlun útgjaldajöfnunarframlaga ársins 2023 ásamt minnisblaði starfsmanns Jöfnunarsjóðs þar að lútandi, dags. 27. mars 2023. Samkvæmt áætluninni er lagt til að til úthlutunar komi 12.200 m.kr. samkvæmt A-hluta og 575 m.kr. samkvæmt B-hluta reglugerðarinnar eða samtals 12.775 m.kr. Áætlunin er með uppfærðum viðmiðum er liggja til grundvallar að útreikningi framlaga.

Forsendur við enduráætlaða úthlutun A-hluta framlaganna eru eftirfarandi:

- Áætlun um fjölda íbúa í hverju sveitarfélagi 1. janúar 2023.
- Áætlun um fjölda nýbúa í hverju sveitarfélagi 1. janúar 2023.
- Upplýsingar um fjölda þéttbýliskjarna og íbúafjölda þeirra í hverju sveitarfélagi 1. janúar 2023.
- Upplýsingar um íbúafjölda sveitarfélaga 1. janúar 2020, 2021, 2022 og 2023 vegna íbúafækkunarframlaga.
- Hámarkstekjur í hverju sveitarfélagi eru miðaðar við forsendur við útreikning endanlegra tekjujöfnunarframlaga árið 2022 vegna tekjuskerðingar.

Forsendur við enduráætlaða úthlutun framlaga vegna B-hluta er eftirfarandi:

- Upplýsingar um fjölda barna í skólaakstri úr dreifbýli og vegalengdir þess aksturs í október 2022.

Að umfjöllun lokinni ákvað nefndin að gera engar athugasemdir við áætlunina og leggur til við ráðherra að samþykkja 2. áætlun útgjaldajöfnunarframlaga ársins 2023 að fjárhæð 12.775 m.kr.

YFIRFÆRSLA GRUNNSKÓLA

7. Greiðslu- og rekstraráætlun 2023

Lögð voru fram til kynningar drög að greiðslu- og rekstraráætlun ársins 2023 vegna yfirfærslu grunnskólans.

Nefndin gerði engar athugasemdir við áætlunina.

8. Almenn framlög vegna reksturs grunnskóla

Endurskoðuð áætlun framlaga 2023

Lögð var fram til umfjöllunar og afgreiðslu önnur áætlun almennra grunnskólaframlaga ársins 2023 ásamt minnisblaði starfsmanns Jöfnunarsjóðs þar að lútandi, dags. 27. mars 2023. Gert er ráð fyrir að 12.600 m.kr verði úthlutað í almenn Jöfnunarframlög ásamt leiðréttingum vegna ársins 2021 að fjárhæð 60 m.kr.

Áætlunin tekur tillit til laga nr.157/2019 um breytingu á lögum um tekjustofna sveitarfélaga, er kveður á um að framlög til þeirra sveitarfélaga þar sem heildarskatttekjur eru a.m.k. 50% umfram landsmeðaltal, þ.e. útsvar og fasteignaskattur á hvern íbúa miðað við fullnýtingu þeirra tekjustofna, skulu falla niður. Í stað útsvarsstofns frá fyrri áætlun frá því í október er nú miðað við áætlaðan útsvarsstofn frá desember 2022 og í stað íbúafjölda frá 1. júlí 2022 er nú miðað við íbúafjölda frá 1.janúar 2023. Áætluð framlög til sveitarfélaga sem verða fyrir skerðingu fara til annarra sveitarfélaga samkvæmt útreiknuðu innbyrðis skiptihlutfalli.

Eftirfarandi forsendur eru lagðar til grundvallar við útreikning enduráætlaðra framlaga vegna ársins 2022:

- Upplýsingar um fjölda nemenda í öllum skólum landsins miðað við september 2022.

- Upplýsingar um skólagerð.
- Upplýsingar frá Hagstofu Íslands um fjölda íbúa á aldrinum 6-15 ára í hverju sveitarfélagi. Miðað er við 1. janúar 2023.
- Upplýsingar frá ríkisskattstjóra um endanlegan útsvarstofn sveitarfélaga vegna tekna 2021 og áætlun um útsvarstekjur sveitarfélaga á árinu 2022.

Komið hefur í ljós að leiðrétta þarf framlög Mosfellsbæjar fyrir árin 2015-2019. Ástæðan er að hagkvæmnisstuðullinn fyrir Mosfellsbæjar var ekki réttur. Samanlagt fékk Mosfellsbær 216 m.kr. lægri framlög fyrir tímabilið 2015-2019. Það þarf því að leiðrétta þetta á árinu 2023. Þar sem Mosfellsbær fékk lægri framlög en sveitarfélagið átti að fá þá þýðir það einnig að öll hin sveitarfélögin fengu of há framlög. Áhrifin eru að framlög til sveitarfélaga lækka um rúm 1,7% á árinu 2023.

Að umfjöllun lokinni ákvað nefndin að gera engar athugasemdir við áætlunina og leggur til við ráðherra að samþykkja 2. áætlun almennra grunnskólaframlaga ársins 2023 að fjárhæð 12.660 m.kr.

FRAMLÖG VEGNA YFIRFÆRSLU Á MÁLAFLOKKI FATLAÐS FÓLKS

9. Greiðslu- og rekstraráætlun 2023

Frestað til næsta fundar.

10. NPA framlög

Langtímaveikindi 2022

Frestað til næsta fundar.

11. Skálatún

Rekstrarerfiðleikar og framtíðarhorfur

Gestir fundarins, Haraldur Líndal Haraldsson og Arnar Haraldsson, kynntu málefni Skálatúns og Mosfellsbæjar fyrir nefndarfólki.

Lagt var fram til umfjöllunar og afgreiðslu erindi Mosfellsbæjar, dags. 23. mars 2023, í framhaldi af erindi sem tekið var fyrir á fundi ráðgjafarnefndar þann 10. mars sl.

Í erindinu er gerð grein fyrir erfiðri fjárhagstöðu Skálatúns. Fram kom að skammtímaskuldir hafi aukist mikið síðastliðinn misseri og nemi nú, með yfirdrætti og fyrirframgreiddu þjónustuframlagi

sem gera þarf upp við lokun á þjónustu, um 422 m.kr. Enn fremur kom fram að á milli 250-260 m.kr. skorti árlega í rekstur Skálatúns, eigi reksturinn að vera sjálfbær til framtíðar.

Óskað er eftir því að Jöfnunarsjóður greiði sérstakt framlag vegna íbúa Skálatúns, taki Mosfellsbær yfir framkvæmd og rekstur þjónustunnar og að Jöfnunarsjóður standi straum af greiðslu skammtímaskulda Skálatúns.

Eftirfarandi tillögur voru lagðar fyrir nefndina:

1. Að ráðgjafarnefnd samþykki að leggja til við ráðherra að Jöfnunarsjóður greiði Mosfellsbæ fjárhæð sem nemur allt að 422 m.kr. vegna skammtímaskulda. Forsenda greiðslu framlagsins er að samkomulag náist milli IOGT og Mosfellsbæjar um að sveitarfélagið taki reksturinn yfir.
2. Jafnframt samþykki ráðgjafarnefndin að leggja til við ráðherra, gegn því að Mosfellsbær taki yfir framkvæmd og rekstur þjónustunnar við íbúa Skálatúns, að veita framlag samtals að upphæð 20 m.kr. á mánuði m.v. núverandi fjölda þjónustuþega. Viðbótarframlögin falla niður við andlát eða flutning þjónustuþega til annars sveitarfélags.

Að umfjöllun lokinni ákvað nefndin að fela starfsmönnum að ganga til samninga við aðila málsins, og kynnt verði fyrir nefndinni niðurstöður málsins. Þá tók nefndin fram að framlög verði ekki greidd fyrir en samkomulag hefur náðst á milli IOGT og Mosfellsbæjar, en sömuleiðis að samkomulag náist á milli framangreindra aðila og mennta- og barnamálaráðuneytisins. Samkomulagið við mennta- og barnamálaráðuneytið feli í sér að sveitarfélagið afsali sér Skálatúnslóðinni til ríkissjóðs og að ríkið þjónusti börn með fjölþættan vanda á Skálatúni.

Fleiri mál voru ekki tekin fyrir og fundi slitið kl. 14:46.

Guðmundur Baldvin Guðmundsson

Ásta Stefánsdóttir

Hrund Pétursdóttir

Dan Jens Brynjarsson

Hörður Hilmarsson

Friðjón Einarsson

Theódóra S. Þorsteinsdóttir